

Íbúafundur var haldinn með íbúum Eskifjarðar mánudaginn 22. desember 2020 í beinni útsendingu á heimasíðu Fjarðabyggðar. Upptöku af fundinum má finna með því að smella hér.

Á fundinum var farið yfir stöðu mála. Í pallborði voru Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri á Austurlandi, Harpa Grímsdóttir, sérfræðingur frá Veðurstofunni, Ingibjörg Ólafsdóttir frá Almannavörnum og Kristján Ólafur Guðnason yfirlögregluþjónn á Eskifirði.

Jón Björn Hákonarson opnaði fundinn og fór í stuttu máli yfir það sem gerðist á Eskifirði um helgina. Fram kom hjá Jóni Birni að mikilvægt væri að halda svona fund til að fá fram ábendingar íbúa varðandi framkvæmdina, m.a. til að hægt sé að nota þær til að gera enn betur næst þegar sambærileg staða kemur upp. **Jón Björn** sagði frá fundi sem hann átti í dag með ráðherrum úr ríkisstjórn en í samtölum sínum við ráðherrana lagði **Jón Björn** áherslu á að mikilvægt væri að fara í nýtt hættumat fyrir Eskifjörð í kjölfar atburðanna. Jafnframt þarf að ljúka við gerð ofanflóðamannvirkja í Fjarðabyggð sem og annarsstaðar á landinu, þar sem þeirra er þörf.

Margrét María Sigurðardóttir lagði áherslu á í máli sínu að ekki mætti gera lítið úr þeim atburðum sem urðu á Eskifirði, aðgerðin sem fara þurfti í var stór en hún hefði tekist vel. Hún kom á framfæri þakklæti til þeirra sem unnu að málum á Eskifirði og til íbúa á Eskifirði. Margrét lagði áherslu á að svona fundir væru mikilvægir til að læra af og hvað væri hægt að gera betur.

Harpa Grímsdóttir fór því næst vel yfir það sem gerðist á Eskifirði um síðustu helgi. 9. – 13. desember voru gefnar út viðvaranir vegna ofanflóðahættu á Austurlandi. Þriðjudaginn 15. desember var lýst yfir óvissuhættu vegna ofanflóða á Austurlandi og 16. desember fengu íbúar við Lambeyrará og Grjótá á Eskifirði skilaboð um að hafa varann á, vegna skriðuhættu úr þeim árfarvegum.

Mikil úrkoma hafði verið dagana á undan en ákefðin var mest 14. – 16. desember og í því ljósi var vel fylgst með þekktum hrunsvæðum ofan Eskifjarðar. Föstudaginn 18. desember mynduðust sprungur í Oddsskarðsvegi, ofan byggðar á Eskifirði, og þær héldu áfram að stækka og gliðna fram á morgun 19. desember. Þar sem óvissa var uppi um hve stórt svæði væri um að ræða, var ákveðið að mæla með rýmingu á nokkuð stóru svæði til að tryggja alveg örugglega öryggi íbúa. Eftir að sprungurnar fundust hefur náíð verið fylgst með gangi mála, settir voru upp mælar á svæðinu og það myndað. **Eftir 19. desember hafa mælst litlar sem engar hreyfingar.**

Eins og staðan er nú er það mat Veðurstofunnar að það séu tvö aðskilin svæði sem séu á hreyfingu. Ekki eru vísbendingar um hreyfingar á stóru svæði, heldur virðast þær tengdar við staðbundið landslag. Eins og staðan er nú, er talið að hlýðin sé stöðug þar sem létt hefur á grunnvatnsþrýstingi. **Áfram verður fylgst vel með svæðinu með mælingum og myndatökum og er sú vinna þegar hafin.**

Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir fjallaði um mikilvægi þess að hægt verði að hafa samband við hjálparmiðstöð Almannavarna á Seyðisfirði en sú þjónusta sem hjálparmiðstöðin býður upp á stendur Eskfirðingum einnig til boða. Hægt er að finna upplýsingar inn á heimasíðu Almannavarna - www.almannavarnir.is. Þar er hægt að fá svör við spurningum sem vakna og þar er einnig boðið upp á sálrænan stuðning.

Kristján Ólafur Guðnason fór yfir tímalínu atburðanna eins og hún blasti við Almannavörnum. Veðurstofan hafði samband við lögreglu um kl. 17:30 vegna rýmingar á svæðinu. Aðgerðarstjórn var þá kölluð saman og haft var samband við Rauða Krossinn sem setti upp skráningar og fjöldahjálparstöð í Eskifjarðarkirkju. Rýmingin gekk afar vel og fljótlega var tryggt að allir hefðu yfirgefið svæðið. Á þeim eina og hálfu sólarhring sem rýmingin stóð voru sendar átta tilkynningar á fjölmiðla, heimasíður Fjarðabyggðar og Lögreglunnar, ásamt fésbókarsíðum. SMS sem send voru út

voru í sumum tilfellum ekki að skila sér og var þar um tæknilega örðugleika að ræða, sem ekki hefur tekist að finna út úr og eru ekki bundnir við þennan staka viðburð.

Jón Björn fór að þessu loknu yfir spurningar sem sendar höfðu verið inn á fundinn. Meðal annars var spurt hvenær fyrst var tilkynnt um sprungumyndanir á veginum yfir Oddsskarð. Því var svarað til að um kl. 17:00 hafi eftirlitsmenn haft samband við Veðurstofuna og látið vita.

Að lokum fór **Jón Björn** yfir að fundurinn hefði verið tekinn upp. Hægt væri að skoða upptökuna og senda inn fyrirspurnir sem vakna og þeim yrði svarað eins og kostur er.